

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður

UH
UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 29.5.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði | Eftirlitsmaður | Halla Einarsdóttir |
| Heimili | Hrauni 1 | Tegund eftirlits | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala | 5203034210 | Flokkur | Ál |
| Fulltrúi fyrirtækis | Guðmundur Sveinsson Kröyer | ÍSAT nr. | 24.42.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Páll Freysteinsson | Staðsetning | 729651,982 512054,012 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í Alcoa Fjarðaál. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Samráðsfundur rekstraraðila með fulltrúa Fjarðarbyggðar, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Umhverfisstofnunar var sama dag og eftirlitið för fram. Á fundinum var farið yfir ársskýrslu og umhverfisvöktunarskýrslu Alcoa Fjarðáls og rætt um niðurstöður þeirra.

Farið var yfir ársfjórðungsskýrslur en m.v. síðustu ár hefur styrkur flúors hækkað seinni hluta síðasta árs og byrjun þessa árs. Skv. Rekstraraðila kemur það til vegna óstöðugleika kera í kerskála og kerleka. Kerlekum hefur fjölgáð en 8 kerlekar hafa verið á þessu ári og 17 frá september til desember á síðasta ári. Önnur tækifæri eru til að lækka styrkinn t.d. með bættri kerumhirðu. Óvenju hár styrkur hefur verið upp í rjáfri og markmiðið að lækka hann í sumar. Meira flæði lofts er um kerskallann á sumrin til að lækka hitastig í kerskálum.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfust tafarlausra aðgerða koma upp. Neyðarlínan hefur kallað svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið á ust@ust.is


Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir ál- og kíslíver. Notast verður við áhættumatið til að ákvarða tíðni vettvangsferða á næsta ári.

Rætt var um útstreymisbókhald Alcoa og hvernig reikningar fara fram á einstökum mengunarefnum.

Önnur mál sem farið var yfir varðar rykmælingu í GTC hreinsistöð (Gas Treatment Center) en beðið er eftir niðurstöðum frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem framkvæmdi mælinguna. Vandkvæði voru með mælinguna og verður það skoðað betur þegar skýrsla mælingarinnar liggur fyrir. Þá var rætt um að ársskýrsla næsta árs yrði einungis send á rafrænu formi.

Að lokum var farið í vettvangsferð um kerskála og að gashreinsistöð(GTC) og mælingaaðstaða skoðuð. Ekki var tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 03.07.2019


Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.